

Brunatrygging ökutækja

Skilmáli B-9

Um váttrygginguna gilda váttryggingaskírteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í almennum skilmálum ganga framur ákvæðum þessara skilmála ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

Í skilmála þessum merkir hugtakið „félagið“ Vörður tryggingar hf.

1. gr. Váttryggingin bætir:

1.1 Skemmdir á ökutækinu vegna eldsvoða, eldingar eða sprengingar sem stafar af eldsvoða. Auk skemmda á ökutækinu nær váttryggingin til skemmda sem samtímis verða á varahlutum og þeim fylgihlutum ökutækisins sem teljast mega tilheyra eðlilegum útbúnaði þess þegar tjónið varð, enda séu hlutir þessir þá í ökutækinu. Það telst ekki eldsvoði þegar hlutir sviðna eða bráðna ef eldur er ekki laus.

Váttryggingin bætir ekki tjón:

1.2 Á hreyfli vegna sprenginga í strokkum.

1.3 Á hvers konar aukaútbúnaði ökutækisins, t.d. tengivögnum, farsímum, GPS-tækjum, talstöðvum, vörulyftum og krönum vörubifreiða, lausum toppgrindum og farangurskössum, nema um annað sé samið.

2. gr. Váttryggður og meðváttryggðir

2.1 Eigandi ökutækis er váttryggður.

2.2 Veðhafar og aðrir þeir sem eiga fjárhagslega hagsmuni í ökutækinu eru ekki meðváttryggðir í skilningi laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, nema þeir hafi fengið staðfestingu þess efnis frá félaginu. Meðváttryggðir öðlast aldrei meiri rétt gagnvart félaginu en váttryggður, sbr. 3. mgr. 41. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

3. gr. Varúðarreglur

3.1 Ökutækinu skal tryggilega læst þegar farið er frá því og rúðum og sóllúgu lokað. Lyklar að ökutækinu skulu geymdir á ábyggilegum stað þar sem óviðkomandi eiga ekki greiðan aðgang.

3.2 Váttryggður skal vera í líkamlegu ástandi til þess að gera stjórn að ökutækinu örugglega og ekki undir áhrifum áfengis, örvandi eða deyfandi lyfja.

3.3 Váttryggður skal hafa hæfni til þess að stjórna ökutækinu örugglega og hafa til þess tilskilin réttindi.

3.4 Váttryggður og sá sem hefur ökutækið undir höndum skal sjá til þess það sé í lögmæltu ástandi, að ökutækið sé fært til lögbundinnar skoðunar og viðhald ökutækisins sé í samræmi við leiðbeiningar og þjónustuhandbók framleiðanda. Sérstaklega ber að sjá um að öryggistæki séu í lagi.

3.5. Skyld er að fara eftir varúðarreglum í skilmálum þessum. Sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

4. gr. Áhættubreyting

Tilkynna ber félaginu tafarlaust ef notkun ökutækisins breytist frá því sem kemur fram á váttryggingaskírteini eða endurnýjunarkvittun. Vanræksla á þessari tilkynningarskyldu getur valdið því að ábyrgð félagsins á váttryggingaratburði lækki að tiltölu miðað við hvað iðgjaldið hefði orðið við breytta notkun, sbr. 25. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

5. gr. Samsömun

5.1 Félaginu er heimilt að bera fyrir sig háttsemi manns sem með samþykki váttryggðs er ábyrgur fyrir hinu váttryggða ökutæki.

5.2 Í atvinnurekstri getur félagið borið fyrir sig háttsemi stjórnanda hins váttryggða ökutækis.

6. gr. Útreikningur iðgjalds

6.1 Grunniðgjald váttryggingarinnar er reiknað sem hlutfall af verðmæti ökutækisins.

6.2 Iðgjaldið breytist við endurnýjun váttryggingarinnar í samræmi við breytingar á verðmæti.

7. gr. Endurgreiðsla iðgjalds

7.1 Falli váttryggingarsamningur úr gildi áður en váttryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem váttryggður hefur greitt fyrir og váttryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þó ekki ef váttryggingarsamningur hefur fallið úr gildi vegna þess að félagið hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða bætur fyrir algert tjón.

7.2 Félagið endurgreiðir ekki iðgjald þótt ökutækið hafi ekki verið í notkun og skrásetningarkerki þess verið í vörslu Umferðarstofu eða umboðsmanna hennar.

7.3 Iðgjald fyrir skammtímatrygging endurgreiðist ekki.

8. gr. Eigendaskipti á ökutæki eða afskráning þess

Ef eigendaskipti verða að hinu váttryggða ökutæki, eða það er afskráð, fellur váttryggingin úr gildi þegar eigendaskipti eða afskráning hefur átt sér stað. Félagið er þrátt fyrir þetta ábyrgt ef váttryggingaratburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum ef hinn nýi eigandi hefur ekki sjálfur tekið váttryggingu.

9. gr. Bætur fyrir algert tjón

- 9.1 Félagið greiðir bætur fyrir algjört tjón ef ökutækið verður fyrir svo miklum skemmdum að félagið álitur ekki borga sig að gera við það.
- 9.2 Verði algert tjón á ökutæki ræður félagið hvort það:
 - 9.2.1 Greiði váttryggingarverðmæti ökutækisins gegn afsali.
 - 9.2.2 Greiði mismun á váttryggingarverðmæti og verðmæti ökutækis eftir váttryggingaratburð.
 - 9.2.3 Útvegi annað ökutæki sömu tegundar sem er sambærilegt að aldri og gerð. Kjósi félagið að útvega annað ökutæki hefur það heimild til að gera tilkall til afsals úr hendi váttryggingartaka fyrir hinu skemmda ökutæki.
- 10. gr. Bætur fyrir tjón að hluta**
 - 10.1 Skemmist ökutækið án þess að skilyrði 9. gr.séu fyrir hendi greiðir félagið kostnað við að gera við ökutækið að svo miklu leyti sem unnt er, þannig að það sé í sama eða svipuðu ástandi og fyrir tjón.
 - 10.2 Félagið hefur rétt til að greiða annað hvort viðgerðarkostnað hjá verkstæði sem félagið samþykkir eða bætur fyrir áætlaðan viðgerðarkostnað.
 - 10.3 Félagið bætir ekki lækkun á markaðsverði ökutækisins, óbeint tjón, svo sem afnotamissi, aukaútgjöld vegna vinnu utan venjulegs vinnutíma eða aukakostnað vegna sérpantana á varahlutum.
- 11. gr. Váttryggingarverðmæti**

Váttryggingarverðmæti ökutækisins er sú upphæð sem sambærilegt ökutæki að tegund, aldri og gæðum kostaði á almennum markaði á tjónsdegi, miðað við staðgreiðsluviðskipti.

Skilmálar þessir gilda frá 01.01.2019